# Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030

## Óveruleg breyting á stofnvegi

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar




Gildandi Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar, staðf. 05.10.2017, mkv. 1:20.000.




Breytt Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar, mkv. 1:20.000.



Yfirlitsmynd Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030, uppdráttur 001 og 002. Ekki í kvarða

## SKÝRINGAR
## Legend:

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS / Area boundary
- ATHAFNASVÆÐI / Light industry
- FLUGVELLIR / Airport
- VARNAR- OG ÖRYGGISSVÆÐI (ÖRYGGISSVÆÐI B) / Security area
- LEIÐBEINANDI ARMÖRKUN HINDRANAFLATA / Runway Protection zone
- FLUG- OG AKSTURSBRAUTIR / Runways and taxiways
- NÚVERANDI BYGGINGAR / Buildings
- SVEITARFÉLAGSMÖRK / Municipal boundaries
- STOFNVEGUR / Main roads
- AÐRIR VEGIR / Other roads
- SPORBRAUT/LESTARSAMGÖNGUR / Express train
- GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGAR / Main paths
- ELDSNEYTISLÖGN / Fuel lines
- FRÁVEITA / Sewer mains
- HITAVEITA / District heating
- RAFVEITA / Electric lines
- VATNSVEITA / Water supply
- Mörk skipulagsbreytinga

## GREINARGERÐ

Reykjanesbraut (þjóðvegur nr. 41) liggur að Keflavíkurflugvelli úr austri, og eftir austurjaðri skiplagssvæðisins að Flugstöð.

Gerð er breyting á legu Reykjanesbrautar á skipulagi á þann hátt að hún fylgi áfram núverandi vegstæði, og breyting er gerð á útfærslu hringaksturs.

Stefna gildandi skipulags gerði ráð fyrir breyttri legu Reykjanesbrautar til að afmarka aukið rými fyrir flugstöðvar-svæðið. Í kjölfar frekari greininga á þróun flugstöðvar og tengdra mannvirkja er ekki þörf á að færa legu Reykjanes-brautar til norðurs. Þar með er ákjósanlegra að stytta akstursleiðir og að Reykjanesbraut haldi legu sinni í núverandi vegstæði.

Áhrif breytinganna eru engin á landnotkun eða nýtingarmöguleika svæðis. Breyting er ekki talin hafa áhrif á aðra aðila, þar sem notað verður núverandi vegstæði. Tengingar við núverandi starfsemi verður óbreytt. Skilmálar um veghelgun eru óbreyttir.

Áhrif breytingar eru talin óveruleg og felast fyrst og fremst í jákvæðum áhrifum, þar sem minna land er tekið undir veg. Þá leiðir breyting til styttri vegalengdir til og frá flugstöð. Við hönnun framkvæmda, þ.e. hringtengingu, þarf að taka tillit til menningarminja sem eru í nágrenni.

Samhliða óverulegri breytingu á aðalskipulagi er til kynningar breyting á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis.

## Samþykkt og staðfesting

Breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 sem hefur fengið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fyrir svæði A

þann 06.05 2024

Guðmundur Björnsson

af hálfu Landhelgisgæslunnar fyrir svæði B

þann 06.05 2024

Jón B. Guðnason

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga

þann 16.07. 2024

Guðrún Lára Sveinsd.

**Breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvalla 2013-2030**
**Skipulagsuppdráttur 001**
**Stofnvegur Reykjanesbraut**

Breyting á skipulagsuppdrætti 001

| | |
|---|---|
| Hnitakerfi: ISN93 | Blaðstærð: A3 |
| Breyting: | Skipulag: ASK |

VSÓ RÁÐGJÖF

| | |
|---|---|
| Teikning: 23338_ASK_T_SVU_02 | Dags.: 30.04.2024 |
| Skipulag: ÍAK | Yfirf.: SGT |